

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður svohljóðandi: Jafnframt er óheimilt að flytja út, bjóða til sölu eða selja grágæs og afurðir hennar en þó er heimilt að selja uppstoppaða grágæs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 15. ágúst 2023.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.

B-deild – Útgáfudagur: 17. ágúst 2023